

Nd.

434. Frumvarp til laga

[225. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Flm.: Ólafur G. Einarsson, Sighvatur Björgvinsson, Jóhann Einvarðsson,
Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

4. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 21/1975 og 1. gr. laga nr. 98/1980) orðist svo:
Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn fræðsluskrifstofa, starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim tilheyra og sérstakan fjárhag hafa, starfsmenn landshlutasamtaka sveitarfélaga, starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna svo og starfsmenn aðildarfélaga bandalaganna ásamt starfsfólki sparisjóða, samnorrænna stofnana og uppeldis- og heilbrigðisstofnana, sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- og líknarfélögum, svo og starfsmenn stjórnmalaflokka, sem voru í starfi árið 1971 eða hófu starf síðar, enda séu uppfyllt skilyrði 3. gr. I.a. um ráðningartíma og aðalstarf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um grunnskóla nr. 63/1974 er við það miðað, að starfsmenn fræðsluskrifstofa séu ráðnir af fræðsluráðum að tillögu fræðslustjóra. Fræðslustjóri er embættismaður ríkisins, en fræðsluráð er kosið af landshlutasamtökum sveitarfélaga. Starfsmenn fræðsluskrifstofa eru því hvorki ráðnir af ríkinu né sveitarfélögum, þótt þeir séu í raun opinberir starfsmenn.

Rekstrarfé fræðsluskrifstofa kemur úr ríkissjóði og frá sveitarfélögum eða samtökum þeirra. Bókhald er yfirleitt í höndum ríkisbókhaldsins, endurskoðað af ríkisendurskoðun. Að þessu leyti er því farið með fræðsluskrifstofur eins og aðrar ríkisstofnanir sem hafa sjálfstæðan fjárhag. Það verður því að teljast eðlilegt, að starfsmenn fræðsluskrifstofa séu í samtökum opinberra starfsmanna og eigi aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Leitað hefur verið eftir því við stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, að starfsmenn fræðsluskrifstofa fengju aðild að honum, en lagaheimild skortir til þess að stjórnin geti heimilað aðild.

Þar sem aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins hefur ekki fengist, hafa starfsmenn fræðsluskrifstofa borgað í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda hjá fjármálaráðuneytinu. Þeir hafa ekki heldur fengið aðild að neinu af aðildarfélögum BSRB, þar sem þeir hafa ekki fengið heimild til þess að greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.